

27.4.2004

Landbúnaðarnefnd Alþingis.

Varðar frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, mál nr. 878, og frumvarp til laga um búnaðarfræðslu, mál nr. 879.

Umsögn starfsmanna Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Starfsmenn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins eru breiður hópur og skoðanir einstakra manna mismunandi hvað varðar fyrirhugaða sameiningu. Vísað er í því sambandi til niðurstöðu skoðanakönnunar sem gerð var á vegum IMG Gallup.

Í upphafi þessarar umsagnar vilja starfsmenn RALA taka fram að samstarf RALA og LBH hefur um langt skeið verið með ágætum bæði á sviði kennslu og rannsókna, samanber samstarfssamning þeirra á milli. Skipting í tvær stofnanir hefur ekki svo vitað sé verið neinn þrándur í Götu þess samstarfs.

Starfsmenn RALA eru í nánú samstarfi við margar aðrar stofnanir þar sem starfsmenn og aðstaða eru samnýtt. Flestir starfsmenn eru hlyntir endurskoðun á stofnunum landbúnaðarins þar sem markmiðið væri að efla þá starfsemi sem fram fer í dag. Það er hins vegar okkar skoðun að leggja þurfi upp í þessa vinnu með skýr markmið varðandi málaflokkinn í heild sinni. Að mati starfsmanna eru markmiðin með sameiningunni eins og þau koma fram í frumvörpunum óljós.

Starfsmenn RALA eru andvígir frumvörpunum eins og þau standa.

Það eru mörg atriði í frumvarpinu sem við teljum að komi hvorki rannsóknunum né íslenskum landbúnaði til góða. Við teljum að sameina eingöngu þessar tvær stofnanir beinlínis skaði rannsóknastarf á RALA. Við teljum það aftur á móti geta skilað ávinningi bæði faglegum og fjárhagslegum að sameina allar stofnanir sem sinna rannsóknum og háskólakennslu í landbúnaði. Ein öflug stofnun hefur meira bolmagn til að halda uppi nauðsynlegum stuðningssviðum og stendur betur í samkeppni um rannsóknafé og nemendur. Sameining allra landbúnaðarháskólana í einn kemur í veg fyrir óþarfa innbyrðis samkeppni um nemendur og fjármagn. Einnig teljum við eðlilegt að Landbúnaðarháskóli sé í nánú sambandi við Háskóla Íslands og eða Háskólann á Akureyri. Búnaðarnámsbraut verði tengd framhaldsskólakerfinu.

Á sama tíma og tækninefnd Vísinda- og tækniráðs vinnur að heildarendurskoðun á fyrirkomulagi rannsókna í þágu atvinnuveganna, er einkennilegt að ráðist sé í þessa breytingu eina og sér.

Sameining kostar. Í fylgiskjali með báðum frumvörpunum er umsögn frá fjármálaráðuneyti. Þar segir „að gert sé ráð fyrir að sá aukakostnaður sem hugsanlega verði vegna þessara breytinga rúmist innan fjárheimilda stofnananna.“ Hluti starfsmanna mun örugglega ekki þiggja boð um nýtt starf, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, m.a. vegna biðlauna. Verði stofnanirnar látnar bera þann kostnað án viðbótarframlags úr ríkissjóði mun ráðstöfunarfé stofnananna minnka sem því nemur og rannsóknastarfsemin skerðast samsvarandi sem hefur lamandi áhrif til langs tíma. Á Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur á undanförunum áratugum verið byggt upp öflugt rannsóknarumhverfi. Slíkt umhverfi er í eðli sinu afar viðkvæmt fyrir röskun. Fullljóst er einnig að endurnýjun starfsfólks verður ekki möguleg meðan á greiðslu biðlauna stendur og erfitt verður að laða nýtt fólk að veikari stofnun.

Stoðkerfi. Á RALA er mjög öflugt stoðkerfi við vísindastarfsemina, eitt það besta á landinu. Nægir þar að nefna fullkomið verkefnabókhald, sem gengur beint inn í alþjóðlegt vísindasamstarf, öflugt fagbókasafn og sterka tölvuþjónustu. Uppbygging þessa stoðkerfis hefur tekið fjölda ára. Starfsmenn hafa áhyggjur af því að við sameiningu muni verða breytingar á þessu stoðkerfi sem rýri gæði þess og þar með möguleika þess vísindastarfs sem á því byggist.

Fjárhagslegt sjálfstæði. Starfsmenn RALA telja nauðsynlegt að fjárhagslegt sjálfstæði rannsókna verði tryggt þannig að kennsla verði ekki fjármögnuð á kostnað rannsókna.

Einangrun. Faglega hefði verið sterkara að horfa til nánara samstarfs og tengingar háskólastígs landbúnaðarmenntunar við Háskóla Íslands og/eða Háskólann á Akureyri og efla þannig samskipti landbúnaðarins við aðra þætti samfélagsins heldur en að setja upp sérstakan skóla, sem stuðlar að einangrun landbúnaðarins frá öðrum þáttum samfélagsins. Sterk tenging við önnur fræðasvið og þær stofnanir sem á þeim vinna mun án efa gagnast landbúnaði betur til langframa. Nauðsynlegt er að nemendur landbúnaðarháskóla geti sótt hluta menntunar sinnar til annarra fagsviða. Ekki er siður nauðsynlegt að opna aðgang nemenda annarra háskóla að landbúnaðartengdu námi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpanna:

1. Stjórnarsýsla.

Athugasemd við 7. gr frumvarps til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu: Það er einkennileg tilhögun að hvorki starfsmenn né nemendur eigi fulltrúa í væntanlegu háskólaráði. Spurning er hvort þetta ákvæði samrýmist 13 gr. laga um háskóla nr.136/1997. Einnig er vandséð frá sjónarhóli starfsmanna RALA með hvaða rökum þeir eru útilokaðir frá æðstu stjórn þeirrar stofnunar sem þeir eiga að starfa við. Einnig má benda á að hvorki er í háskólaráði sérstakur fulltrúi væntanlegs rannsóknasviðs sem þó hefur sérstakan sjálfstæðan fjárhag né fulltrúi kennslusviðs. Starfsmönnum finnst einkennileg sú skýring sem fram kemur í skýringartexta við greinina að helstu rök þess að taka út fulltrúa nemenda og kennara eins og er í núverandi lögum séu þau að efla þurfi tengsl við atvinnulífið. Ber að skilja það svo að nemendur og kennarar séu hindrun í þeim samskiptum?

Athugasemd við 9. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu (og jafnframt 25. gr laga 57/199 sem greinin fjallar um.) Frá akademísku sjónarmiði er hæpið að ráðherra skipi rektor án tilnefningar. Einn mikilvægasti þáttur í starfi háskóla er sjálfstæði þeirra gagnvart stjórnvöldum á hverjum tíma. Með því fyrirkomulagi á ráðningu rektors sem hér er lagt til er vegið að því sjálfstæði.

2. **Búnaðarnámsbraut.**

Athugasemd við 11. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu. Í greininni er gert ráð fyrir að við væntanlegan Landbúnaðarháskóla Íslands verði starfrækt búnaðarnámsbraut. Nám á þeirri braut er nám á framhaldsskólastigi og gefur ekki rétt eitt og sér til að hefja háskólanám við skólann. Inntökuskilyrði í væntanlegan Landbúnaðarháskóla Íslands eru því hvað þessa námsbraut varðar aðeins grunnskólapróf. Þessi tenging framhaldsskóla og háskóla er mjög einkennileg. Með frumvörpunum er ekki aðeins lagt til að RALA verði sameinað háskóla heldur einnig framhaldsskóla. Starfsmenn RALA hafa af því áhyggjur að verða skikkaðir til kennslu við búnaðarnámsbraut, sem býður upp á nám á framhaldsskólastigi. Hæpið er að mati starfsmanna RALA að háskóli reki framhaldsskólabraut, og ekki er þörf á sérstöku rannsóknasviði við framhaldsskóla. Æskilegt er að starfsemi búnaðarnámsbrautar verði flutt eða tengd við framhaldsskóla heima í héraði og eðlileg tenging sköpuð við aðra framhaldsskóla í landinu.

3. **Réttindi starfsmanna**

Ákvæði til bráðabirgða (á við bæði frumvörpin). Tryggja þarf með bráðabirgðaákvæði að starfsmenn beggja stofnana haldi öllum sinum réttindum. Samkvæmt þeirri takmörkuðu kynningu á málinu sem starfsmenn hafa fengið þá er ekki ætlunin með frumvörpunum að gera uppstokkun á starfsliði stofnananna. Þvert á móti hefur verið lögð áhersla á að helstu verðmæti þessara stofnana séu það starfsfólk sem þar starfar, reynsla þess og þekking. Breytingar þær sem lagðar eru til með frumvörpunum eru þess eðlis að þær valda óróa meðal starfsmanna hvað varðar breytingar á persónulegum högum og réttindum. Því er lagt til að eftirfarandi ákvæði verði sett inn sem bráðabirgðarákvæði:

Inn í frumvarp til laga um breytingar á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965.

Þeir starfsmenn sem starfa hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins við gildistöku laga þessara skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri.

Og sambærilegt ákvæði vegna frumvarps um breytinga á lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999.

Virðingarfyllst f.h. starfsmanna

Jón Guðmundsson

Sigríður Dalmannsdóttir

Þórdís Anna Kristjánsdóttir